

Acid Buf

Hækkar sýrustig í vömb


Acid Buf er áhrifaríkur buffer í vömbina sem inniheldur kalkþörungna. Acid Buf er sérstaklega gert til þess að brotna hægt niður í vömbinni sem gefur því jafnari áhrif yfir lengri tíma samanborið við t.d. natríumbikarbonat. Áhrifanna á sýrustig vambarinnar gætir því lengur.

Acid Buf nýtist vel:

- Þegar gefa þarf mikið kjarnfóður (bygg)
- Þegar gróffóðrið er snemmslegið, inniheldur mikinn sykur eða á beit á ungu-grasi
- Þegar gróffóðrið er votverkað og frekar súrt (mikil gerjun)
- Þegar súrvömb og jafnvel súrdoði eru vandamál í fjósinu

Kostir þess að nota Acid Buf:

- Eykur mjólkurframleiðslu (allt að 2 lítrar á kú á dag miðað við sænskar niðurstöður)
- Bætir fitu og próteininnihald í mjólk
- Minnkar líkur á súrri vömb og súrdoða
- Bætir fóðurnýtingu
- Eykur niðurbrot á trefjum (NDF)



Ekki bara buffer heldur líka steinefni

Acid Buf er ekki bara buffer heldur einnig steinefni. Acid Buf er náttúruleg uppspretta stein og snefilefna. Það gefur meðal annars kalk en einnig leysanlegt magnesíum.

Skammtastærðir

- Mjólkurkúr: 50-80 g/dag (allt að 110 g/dag við mjög mikla kjarnfóðurgjöf).
- Nautgripir í vexti: 25-50 g/dag.
- Sauðfé og geitur: 0,5% af kjarnfóðurgjöfinni.

Acid Buf kemur í 25 kg pokum og má nota í lífrænum búskap.

Acid Buf er hægt að gefa saman við gróffóðrið eða skammta einstaka gripum.